

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2761
komudagur 21.8.2012

afrit sent: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 21. ágúst 2012

**Efni: Umsögn Straums fjárfestingabanka hf. um skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra um
framtíðarskipan íslensks fjármálakerfis**

Þann 25. mars síðastliðinn kynnti efnahags- og viðskiptaráðherra skýrslu um framtíðarskipan fjármálakerfisins á Íslandi. Skýrslan er nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og vill Straumur fá að koma eftirfarandi umsögn um skýrsluna, á framfæri við nefndina.

Fjárfestingabankastarfsemi viðskiptabankanna er í dag fjármögnuð með innlánnum almennings. Það er óviðunandi staða.

1. Raunveruleg hættu er á öðru kerfishruni – bankarnir eru enn „too-big-to-fail“
2. Blokkarmyndun í viðskiptalífínu með þátttöku bankanna er að endurtaka sig
3. Þjóðin ber kostnaðinn af einokun bankanna á fjármálaþjónustu

Afar brýnt er að aðskilja þessa starfsemi með lögum til að forðast annað hrún.

Hverjar eru lausnirnar?

- Skylda þarf bankanna til að selja fjárfestingabankastarfsemi sína. Þannig minnka þeir og verða áhugaverðari í augum mögulegra kaupenda. Dreigið er úr hættunni á að viðskiptabankarnir falli og að ríkið og almenningur þurfi að borgi brúsann – t.d. vegna of mikillar áhættusækni bankastarfsmanna með innstæður.
- Áhætta á heima á opnum og frjálsum verðbréfamarkaði – en ekki í bönkum með ríkisábyrgð. Fjárfestingabankastarfsemi nemur einungis 5% af heildarumsvifum viðskiptabankanna en áhættan sem henni fylgir setur sjálft rekstrarhæfi bankanna að veði. Nauðsynlegt er að viðskiptabankar sem taka við innlánnum og veita almenna bankaþjónustu, séu reknir með langtímahagsmunum, bæði bankanna og þjóðarinnar að leiðarljósi.
- Bregðast þarf við séríslenskum aðstæðum. Íslenska fjármálakerfið er enn mjög stórt í hlutfalli við stærð þjóðarþúsins (u.þ.b. tvöföld þjóðarframleiðsla). Viðskiptabankarnir eru í dag eingöngu í innlendri starfsemi og þess vegna er mun einfaldara að koma aðskilnaði á hér, en víða erlendis. Á Norðurlöndunum er aðskilnaður í raun í heiðri hafður, án þess að hann sé beinlínis áskilinn í lögum. Þar eru nú þegar mörg öflug sérhæfð fjármálafyrirtæki og mun meiri fjölbreytni.

Að lokum

Umræðan um aðskilnað fer nú fram beggja megin Atlantshafs. En jafnvel þó að margir helstu áhrifamenn í fjármálakerfi heimsins, þar á meðal sumir helstu arkitektar „universal banking“, tali nú um nauðsyn aðskilnaðar - þá er aðskilnaður enn brýnni á Íslandi þar sem stærð bankanna er svo yfirþyrmandi.

Þverpólítísk samstaða hefur verið um þetta efni hér á landi og jafnan verið nefnt sem hluti af þeim lærdómi sem draga þurfi af hruninu. Aðskilnaður væri þýðingarmikið skref í áttina að heilbrigðara umhverfi á Íslandi, bæði utan um fjármálastarfsemi og fyrir atvinnulífið í heild.

Það er hægur vandi að skapa heilbriggt og virkt fjármálakerfi sem er vel í stakk búið að þjóna þörfum íslensks atvinnulífs og íslensks almennings á næstu árum. En það gerist ekki af sjálfu sér. Stjórnvöld verða að axla ábyrgð á því verkefni.

Straumur er tilbúinn að koma fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og/eða veita nefndarmönnum nánari upplýsingar sem gagnast geta við umfjöllun Alþingis um skýrsluna.

Virðingarfyllst,

f.h. Straums fjárfestingabanka hf.



Pétur Einarsson
forstjóri